

Sp.

34. Tillaga til þingsályktunar

um hækkun framfærslustyrks.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að framfærslustyrkur í Reykjavík verði hækkaður um að minnsta kosti 50 af hundraði, og til samræmis við það í öðrum bæjar- og sveitarfélögum. Síðan hækki styrkurinn mánaðarlega um sama hundraðshluta og framfærslukostnaður hefir hækkað, miðað við meðalframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939.

Greinargerð.

Úrslit kaupdeilnanna eftir áramótin urðu víðasthvar þau, að verkalýðsfélögin náðu samningum, þar sem svo er mælt fyrir, að kaupgjald skuli hækka mánaðarlega í sama hlutfalli og vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík, og víða hækkar kaupið um hærri hundraðshluta, auk þess sem grunnkaup hefir hækkað allverulega hjá mörgum verkalýðsfélögum. Það liggur því í augum uppi, hversu ósanngjarnt það er, að framfærslustyrkurinn sé látinn haldast óbreyttur, eða því sem næst, að krónutali. Í Reykjavík var peningastyrkurinn venjulega 80 aurar á mann fyrir strið, ef reiknað var með fullum styrk, en nú mun hann vera innan við 1 krónu og mestur kr. 1.10.

Einhverjir kunna að halda því fram, að sanngjarnt sé og eðlilegt, að styrkurinn hækki um sama hundraðshluta og framfærslukostnaðurinn, en ekki heldur meira. En þegar nánar er að gáð, stentz slik röksemdafærsla enga gagnrýni. Fyrst ber að gæta þess, sem er almenn skoðun, að verðlag á nauðsynjavörum hefir hækkað miklu meira en vísitala hagstofunnar gefur til kynna, og kemur þetta harðast niður á þeim, sem ekki geta veitt sér nema brýnustu nauðsynjar, sem hafa hækkað mest í verði. Þess vegna hafa verkalýðsfélögin talið nauðsynlegt, að grunnkaup þeirra hækkaði, og mörg fengið þeirri kröfu fullnægt. En þegar þess er gætt, að framfærslustyrkurinn er ekki nema litill hluti þess, sem þarf til að framfleyta lífinu eins og mönnum er samboðið, þá er augljóst, að styrkþegarnir hafa enu meiri þörf fyrir, að lifeyrir þeirra verði hækkaður. Ef tekjur manns hrökkva t. d. fyrir þriðjungu þess, sem hann þarf til að framfleyta lífinu, þá er augljóst, að erfiðara verður að afla þeirra tveggja þriðju hluta, sem á vantar, ef verðlag hækkar um 50%.

Nú verður það ekki dregið í efa, að skattfrelsi útgerðarinnar verður afnumið á þessu ári. Það mun hafa í för með sér gifurlega tekjuaukningu fyrir bæjarfélögin. Útgjöld til fátækraframfæris lækka stórum vegna aukinnar atvinnu. Ekki þarf að gera ráð fyrir framfærslustyrk að neinu ráði til annara en þeirra, sem af einhverjum orsökum eru óvinnufærir. Það er fásinna að safna í sjóði á þessum tímum, þegar gildi peninganna fer ört minnkandi. Gamla viðbáran um peningaleysi gildir því ekki lengur. Það gengur hinsvegar vitfirringu næst að láta fólkið svelta meðan safnað er gildum sjóðum, sem kunna að verða verðlausir eða verðlitlir, þegar til þeirra skal taka. Þegar allt þetta er athugað, verður ekki komizt hjá þeirri ályktun, að í tillögu þessari er ekki gengið of langt, heldur of skammt. Ef miðað er við 80 aura grunnstyrk, yrði styrkurinn til einstaklings ca. kr. 1.75 á dag samkvæmt tillögunni, og hrekkur það hvergi nærri til að fullnægja þörfum nokkurs manns, enda þótt hann þurfi ekki að greiða af því húsaleigu. Hér er þó ekki gengið lengra með tilliti til þess, hvernig Alþingi er skipað.

Það, sem hér hefir verið sagt um framfærslustyrkinn, gildir ekki síður um ellilaun og örorkubætur. Hið furðulega hefir skeð, að mörg gamalmenni og öryrkjar hafa þá sögu að segja, að lifeyrir þeirra hefir ýmist litið eða ekkert hækkað eða verið lækkaður, á sama tíma sem allt hækkar í verði og nóg er af peningum.

Ég mun á þessu þingi bera fram tillögu um, að ellilaun og örorkubætur hækki eftir svipuðum reglum og um getur í þessari tillögu, í sambandi við bráðabirgðalögin um uppbót á ellilaun og örorkubætur, sem lögð hafa verið fyrir þingið.

Fulltrúar sósíalista hafa flutt tillögur í bæjarstjórn Reykjavíkur um hækkun framfærslustyrksins, en það hefir engan árangur borið. Ég tel sjálfsagt að freista þess að bera fram tillögu um, að Alþingi láti þetta mál til sín taka, enda er hin mesta nauðsyn á, að gerð verði gangskör að því að samræma framfærslustyrkinn í hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum, og verður það að vera verk ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Kjör þau, sem styrkþegar eiga við að búa á hinum ýmsu stöðum á landinu, eru mjög misjöfn. Sumstaðar eru þau sæmileg, en annarstaðar eru þau smánarblettur á íslenzku þjóðlífi. Tillögu þessa ber að skilja svo, að gerðar verði ráðstafanir til að samræma þau, og að því stefnt, að þau verði hvergi hlutfallslega lakari en í Reykjavík, þegar þær umbætur, sem felast í tillögunni, hafa náð fram að ganga þar.